

**Nd.**

## **99. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Páll Þorsteinsson, Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen,  
Jón Gíslason, Steingrímur Steinþórsson.

### **1. gr.**

3.—6. málsg. 11. gr. laganna orðist svo:

Í hverju tryggingaumdæmi skal starfa fimm manna trygginganefnd. Nefndir þessar skulu kosnar hlutfallskosningu af bæjarstjórnnum í kaupstöðum, en af sýslunefndum í öðrum umdæmum, eftir hverjar bæjarstjórnar- og sýslunefndarkosningar. Kjósa skal á sama hátt og til sama tíma jafnmarga varamenn. Trygginganefnd kys sér sjálf formann.

Kjörtímabil trygginganefnda er hið sama og bæjarstjórna og sýslunefnda. Ef sveitarfélagi er skipt milli tveggja eða fleiri tryggingaumdæma, tekur sýslunefndarmaður þess þátt í kosningu trygginganefndar í því umdæmi, þar sem flestir af íbúum sveitarfélagsins eiga heima.

Hlutverk trygginganefnda er að fylgjast með rekstri trygginganna í umdæminu, gera tillögur um framkvæmd þeirra, gæta hagsmuna hinna tryggðu og benda á atriði, er mættu verða til sparnaðar í rekstri trygginganna.

Á fundum bæjarstjórna og sýslunefnda, þar sem trygginganefndir eru kosnar, skal ákveða þóknun hinna kjörnu nefndarmanna, og greiðist hún ásamt kostnaði við störf þeirra af hlutaðeigandi sveitarfélögum eftir reglum, er fundirnir setja.

### **2. gr.**

34. gr. laganna orðist svo:

Við hverja barnsfæðingu á móðirin rétt á að fá greiddar kr. 300.00.

### **3. gr.**

42. gr. laganna orðist svo:

Sjúkrabætur greiðast frá og með 11. veikindadegi og í allt að 26 vikur samtals á einu ári, enda geti sjúklingurinn sýnt fram á, að tekjur hans hafi minnkað vegna veikindanna. Tryggingaráði er þó heimilt að ákveða, að bætur skuli greiddar lengur, einkum ef veikindi stafa af slysförum og óvíst er, hvort um varanlega örorku verður að ræða. Sjúkrabætur eru ekki greiddar nema hlutaðeigandi hafi verið óvinnufær lengur en 14 daga.

Nú heldur hinn sjúki atvinnutekjum sínum að meira eða minna leyti, og skal þá einnig greiða sjúkrabætur, þó svo, að þær að viðbættum hreinum atvinnutekjum séu eigi hærrí en bótaupphæðir laganna að viðbættum 25 af hundraði.

Sjúkrabætur falla niður þann dag, sem hiun tryggði verður vinnufær, enda þótt hann taki ekki til starfa eða vanræki að segja frá bata sínum.

### **4. gr.**

43. gr. laganna falli burt.

### **5. gr.**

45. gr. laganna orðist svo:

Allir þeir, sem slasast við vinnu, eiga rétt til slysabóta samkvæmt því, er segir í 49.—58. gr., svo og vandamenn þeirra.

### **6. gr.**

46. gr. laganna falli burt.

7. gr.

47. gr. laganna falli burt.

8. gr.

1. málsgr. 49. gr. laganna orðist svo:

Það er bótaskyldt slys, er maður slasast eða deyr af slysi við vinnu.

9. gr.

Orðið „tryggingarskylda“ í 1. málsgr. 52. gr. laganna falli burt.

10. gr.

3. og 4. málsgr. 53. gr. laganna orðist svo:

Bótageiðslur samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar greinar skulu aldrei fara fram úr  $\frac{3}{4}$  af hreinum tekjum bótaþega af þeirri atvinnu, er hann stundaði, þegar slysið varð.

Nú heldur hinn slasaði atvinnutekjum sínum að meira eða minna leyti, og skal þá einnig greiða dagpeninga, þó svo, að þeir að viðbættum hreinum atvinnutekjum séu eigi hærri en bótaupphæðir laganna að viðbættum 25 af hundraði.

11. gr.

2. tölul. 102. gr. laganna falli burt.

12. gr.

Í stað orðanna „16 til 67 ára“ í 105. gr. laganna komi: 18—65 ára.

13. gr.

Við 107. gr. laganna bætist:

Auk þessara iðgjalda skulu allir skattskyldir aðilar greiða 2% af skattskyldum tekjum umfram 5000 kr.

14. gr.

Í stað 1. og 2. málsgr. 109. gr. laganna komi:

Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans að einhverju eða öllu leyti, vegna þess að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hlutaðeiganda. Úrskurði sveitarstjórnar má áfrýja til yfirskattanefndar. Iðgjöld, greidd úr sveitarsjóði, teljast ekki framfærslustyrkur.

15. gr.

112. gr. laganna falli burt.

16. gr.

113. gr. laganna orðist svo:

Til þess að standast útgjöld vegna slysabóta skulu allir þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, greiða sérstakt áhættuiðgjald.

Upphæð áhættuiðgjalda ber að miða við slysaáttuna. Skal skipta störfum og starfsgreinum í áhættuflokka og ákveða sérstök iðgjöld fyrir hvern flokk. Starfstíminn er talinn í vikum, og telst vikan eining við iðgjaldaákvörðunina. Við útreikning á vinnuvikum skal ekki telja vinnu atvinnurekandans og maka hans. Sé um tímavinnu að ræða, teljast 48 klukkustundir í viku. Skal við ákvörðun iðgjaldanna miða við, að þau hrökkvi fyrir þeim bótum og kostnaði, sem Tryggingastofnuninni ber að greiða vegna slysa. Ef erfitt er að skipa starfsemi í áhættuflokka samkvæmt framansögðu, getur Tryggingastofnunin þó ákveðið meðaliðgjald fyrir allt fyrirtækið.

Um skiptingu í áhættuflokka og iðgjöld fyrir hvern flokk skal ákveðið með reglugerð, er ráðherra setur að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

17. gr.

Orðin „og 112.“ í 3. málsgr. 116. gr. laganna falli burt.

18. gr.

1. másl. 1. málsgr. 122. gr. laganna orðist svo:  
Iðgjöld samkv. 113. gr. skulu á lögð með tekju- og eignarskatti af skattanefnd eða skattstjóra, í samræmi við gildandi iðgjaldaskrá og áhættuflokkun á hverjum tíma. Skulu þau innheimt í einu lagi í heilum krónum.

19. gr.

Orðin „112. og“ í síðari másl. 129. gr. laganna falli burt.

20. gr.

Orðin „112. og“ í 2. másl. 130. gr. laganna falli burt.

21. gr.

Í stað „43. gr.“ í upphafi a-liðar 132. gr. laganna komi: 42. gr.

22. gr.

134. gr. laganna falli burt.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að gerðar verði nokkrar breytingar á lögum um almannatryggingar. Þegar tryggingafrumvarpið var upphaflega til meðferðar í þingi, komu fram tillögur um breytingar á mörgum þeim ákvæðum, sem frv. þetta fjallar um, en þær breytingartillögur fengust ekki samþykktar. Á síðasta þingi flutti þm. V.-Húnv. frv., sem fór í sömu átt, en það náði ekki fram að ganga. Þykir því rétt að gera nú tilraun til að fá nokkrar lagfæringar á löggjöfinni, þar sem þegar er fengin nokkur reynsla í því efni.

Í greinargerð, sem fylgdi frv. þm. V.-Húnv. segir svo:

„Tryggingafrumvarpið var samið af millipinganefnd, sem skipuð var í marz-mánuði 1943, og þegar það var lagt fyrir Alþingi, fylgdi því löng greinargerð frá nefndinni. Í þeirri greinargerð segir (Alþt. 1945 þskj. 310), að nefndinni hafi borizt bréf frá félagsmálaráðherra, dags. 31. okt. 1944, þar sem skýrt sé frá því, að í málefnsamningi stjórnmalaflokkanna í sambandi við myndun ríkisstjórnar sé svo ákveðið, að komið verði á á næsta ári fullkomnu kerfi almannatrygginga, sem ná til allrar þjóðarinnar án tillits til stétta og efnahags, og var nefndinni falið að vinna að undirbúningi málsins á þeim grundvelli.

Á öðrum stað í greinargerð millipinganefndarinnar segir á þessa leið:

„Frumvarpið gerir ráð fyrir, að rétturinn til bóta sé jafn fyrir alla án tillits til stétta eða efnahags, sbr. fyrrgreint bréf ráðherrans og þá stefnu, sem mjög ryður sér nú til rúms, að komast hjá vandasömu og hvimleiðu mati á ástæðum einstaklinganna, enda ávallt tiltölulega litill hluti þjóðarinnar, sem hefur svo miklar tekjur, að ekki sé þörf fyrir bæturnar, ef eitthvað verulega bjátar á.“

En þrátt fyrir þessa yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og millipinganefndarinnar um það, að tryggingarnar ættu að ná til allra landsmanna án tillits til stétta eða efnahags og að þannig hafi verið unnið að undirbúningi löggjafarinnar, kom það greinilega í ljós, þegar frumvarpið var lagt fram, að mikið skorti á, að höfundum

Þess hefði tekizt að ná því marki. Nokkur ákvæði frv. voru þannig, að samkvæmt þeim var réttur manna gerður mjög misjafn, aðallega eftir því, hvort þeir öfluðu sér tekna með vinnu í annarra þjónustu eða með eigin atvinnurekstri. Þetta fékkst ekki leiðrétt, nema að mjög litlu leyti við afgreiðslu tryggingafrumvarpsins í þinginu.

Hér skulu fyrst nefnd ákvæði laganna um sjúkrabætur og slysabætur. Lögin veita launamönnum yfirleitt meiri rétt til sjúkrabóta en öðrum, en auk þess er það einkennilega fyrirbrigði í löggjöfinni, að íbúar kaupstaða og kauptúna, þar sem lækna starfa, hafa meiri rétt til sjúkrabóta en þeir, sem búa í sveitum eða kauptúnum, þar sem engir lækna eru búsettir. Slysabætur fá launamenn einir án þess að þeir þurfi að borga nokkuð fyrir þau réttindi sérstaklega, en aðrir fá engar slíkar bætur, þótt þeir verði fyrir slysum við vinnu, nema þeir hafi keypt sér slysatryggingu fyrir sérstakt gjald. Á þennan hátt er mikill fjöldi manna, sem að staðaldri vinnur erfiðisverk, er slyshætta fylgir, gerður réttlægri en aðrir, sem vinna sömu eða svipuð verk. Í þeim hópi eru t. d. allir bændur landsins og margir aðrir, sem vinna að framleiðslustörfum. Ef bóndi og vinnumaður hans slasast báðir við verk, á sá síðar-nefndi rétt til slysabóta, en bóndinn ekki, og skiptir engu máli í því sambandi, hvernig efnahagur eða ástæður þeirra eru hvers um sig. Hér er svo ójafnt skammtaður rétturinn í löggjöfinni, að eigi er viðunandi, og því eru hér fram bornar tillögur um leiðréttingar á þessum ákvæðum laganna. Er hér lagt til, að allir, sem slasast við vinnu, skuli eiga rétt til slysabóta, og að allir menn fái sama rétt til sjúkrabóta, hvort sem þeir eru launamenn eða afla sér tekna með eigin atvinnurekstri, og hvort sem þeir búa í námunda við læknisbústað eða í nokkurri fjarlægð frá honum.

Í 34. gr. laganna eru ákvæði um svonefnda fæðingarstyrki. Samkvæmt þeim fyrir-mælum geta konur, sem stunda atvinnu utan heimila sinna, fengið greiddar allt að kr. 500.00 við hverja barnsfæðingu, en konur, sem ekki vinna utan heimilanna, fá aðeins kr. 200.00, hvorttveggja auk verðlagsuppbótar. Á þennan hátt eru þær konur, sem eingöngu vinna á eigin heimilum, gerðar réttlægri en aðrar, og er slíkt mjög óviðeigandi. Er hér lagt til, að þetta misrétti verði numið úr lögum og að allar konur fái jafnháan fæðingarstyrk, kr. 300.00 auk verðlagsuppbótar.

Nú er búið að skipta landinu í tryggingaumdæmi og kjósa trygginganefndir samkv. 11. gr. laganna. Kosningu þeirra hefur verið hagað þannig eftir fyrir-mælum laganna, að allir hreppsnefndarinnir í tryggingaumdæmi hafa verið kvaddir á sameigilegan fund til þess að velja menn í trygginganefndina. Hreppsnefndarmenn í stórum tryggingaumdæmum skipta mörgum tugum, og margir þeirra þurftu að fara um langan veg á þessa kjörfundi. Er því mikil fyrirhöfn og ærinn kostnaður, sem þetta laga-fyrirmæli hefur í för með sér og mætti gera val trygginganefndanna fyrirhafnarminna og ódýrara. Er hér lagt til, að sýslunefndir kjósi trygginganefndirnar hver í sínu umdæmi. Ætti að mega treysta sýslunefndarmönnum til að leysa þetta sómasamlega af höndum, eigi síður en sveitarstjórnarmönnum, en með því væri val trygg-inganefndarmanna gert miklu auðveldara og kostnaðarminna en nú er.“

Ákvæði 112. og 113. gr. um iðgjöld atvinnurekenda eru m. a. mjög ranglát. Samþykktir frá fjölmörgum fundum, sem haldnir hafa verið á þessu ári, eru órækar sannanir fyrir því, að þau eru óvinsæl — og ekki að ástæðulausu. Aðalfundur Stéttarsambands bændu, sem haldinn var á Akureyri 3.—4. sept. þ. á., samþykkti einróma skýra ályktun, þar sem skorað er á Alþingi að taka lögin um almanna-tryggingar til gagngerðar endurskoðunar og breyta þeim í það horf, sem lagt er til í frv. þessu. Í ályktun fundarins segir svo m. a.:

„Til áherzlu framangreindum tillögum tekur fundurinn það fram, að þær eru í samræmi við mjög almennar áskoranir frá aðalfundum búnaðarsambandanna og kjörmannafunda til Stéttarsambandsins um að vinna að breytingum á trygginga-löggjöfinni, einkum í þeim atriðum, sem tilgreind eru.“

Með ákvæðum 112. og 113. gr. er þeim, sem framleiðslu stunda eða annan atvinnurekstur, lögð sú skylda á herðar að greiða sérstakan skatt í tryggingasjóðinn, og er sá skattur miðaður við vinnuvikur þess fólks, er við atvinnureksturinn starfar. Hann er ekki lagður á eftir tekjum manna eða efnahag, heldur eftir því, hvaða störf mennu stunda í þjóðfélaginu. Fyrir því lendir hann oft á þeim, er erfiða aðstöðu eiga. Þeim fer sífellt fækkandi, sem stunda vilja sjálfstæða framleiðslu, en mjög er leitað eftir því að komast í hóp launamanna. Nú er það og höfuðvandamál þjóðfélagsins, hvernig takast megi að sjá framleiðslunni farborða og aðalviðfangsefni þings og stjórnar að ráða fram úr þeim vanda. Má af því sjá, hversu fráleitt það er að láta þá, sem framleiðslustarfsemi reka, bera þung gjöld umfram aðra þegna þjóðfélagsins og einungis í þágu annarra stétta. Gjöld þessi koma og mjög misjafnt niður á stéttarbræðrum. Bóndi, sem hefur lítið af ræktuðu landi og þarf mikið vinnuafli við búreksturinn, er samkvæmt þessum ákvæðum látinn bera þyngri gjöld til almannatrygginga en stéttarbróðirinn, sem hefur vélfært land og býr við betri aðstöðu. Svipað má segja um útvegsmenn. Eftir venjulegum skattastigum vaxa gjöldin því meira sem afkoman og efnahagurinn er betri. Hér er stefnt í öfuga átt, svo að þeir eru að þessu leyti skattlagðir hlutfallslega þyngst, sem verst eru settir. Gjald það, sem atvinnurekendur eiga að greiða samkvæmt 113. gr., á að renna til þess að standast útgjöld vegna slysabóta, enda eiga launþegar, sem vinna í þjónustu annarra, rétt á slysabótum, hvaða störfum sem þeir gegna og hvernig sem aðstaða þeirra og efnahagur er. En svo furðulega er um hnúta bótið, svo sem fyrir er sagt, að sá, sem lifir af einhvers konar framleiðslu, á ekki rétt til slysabóta, eins og ákvæði laganna eru nú, og ekki heldur börn hans, yngri en 16 ára, kona hans, foreldrar eða fósturforeldrar, þótt þau vinni í þjónustu hans.

Í frv. þessu er lagt til, að 112. gr. laganna falli niður og þeim þungbæra og rangláta skatti, sem nú er lagður á vissar stéttir þjóðfélagsins samkvæmt ákvæðum þeirrar greinar, verði þar með af létt. Hins vegar er ætlað til, að gjald vegna slysatrygginga samkv. 113. gr. haldist, en við ákvörðun þess skuli ekki telja vinnuvikur atvinnurekandans sjálfs eða maka hans, þótt allir öðlist rétt til slysabóta án tillits til atvinnu eða eigna.

Til að bæta tryggingasjóðnum upp þann tekjumissi, sem af þessu leiðir, leggjum við til, að auk iðgjalda sankv. 107. gr. tryggingalaganna skuli greiða í tryggingasjóðinn 2 af hundraði af skattskyldum tekjum, sem eru umfram 5000 kr. Með frv. þessu er einungis stefnt að því, sem talið var í öndverðu, að vera ætti meginmarkmið laganna um almannatryggingar, að réttur til bóta sé jafn fyrir alla án tillits til stétta eða efnahags, svo að komizt verði hjá vandasömu og hvímeiðu mati á ástæðum einstaklinganna.